

## Stjórnarfundur 7 mánudaginn 17. september 2018 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.



Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Stefán Jóhannesson, Andri Hnikarr Jónsson og Sigurbjörn Árni Arngrímsson í síma, Kristín Hálfðánardóttir, Steinn Einarsson.

*Afboð og mættu ekki;* Árni Jón Eggertsson og Svandís Þorsteinsdóttir

### Dagskrá

- Starfsmannamál
- Vetrarstarfið
- Úthlutun móta
- Formannafundur
- Útsendingar
- Önnur mál

### Fundargerð

#### Starfsmannamál:

Ákveðið var að boða fimm umsækjendur um starf verkefnastjóra í viðtal. Þegar upp var staðið þá gaf aðeins einn kost á sér í viðtal. Sá hinn sami var ráðinn og formaður og framkvæmdastjóri hafa gengið frá ráðningarsamningi hans.

#### Vetrarstarfið:

Enn er óljóst hvort Stjarnan verður með lið í efstu deild. Mögulega tekur Álfanes sæti Stjörnunnar.

#### Úthlutun móta:

Úthlutun mótanna er lokið og að venju hefur verið reynt að hafa hana sem jafnasta m.a. með tilliti til dreifingar um landið og fjölda móta sem viðkomandi félög hafa fengið áður auk útbreiðslu.

#### Formannafundur:

Formannafundur verður boðaður 3. október næstkomandi. Á þeim fundi verður farið yfir helstu áherslur vetrarstarfsins. Þar verður m.a. farið yfir deildarkeppnina, bikarkeppnina, umgjörð og umsjón leikja, upplýsingagjöf, tengiliði, útsendingar, dómaramál. Auk þess verður nýtt merki sambandsins kynnt svo og nýr starfsmaður.

#### Útsendingar:

Ekkert hefur verið ákveðið um frekari útsendingar frá leikjum í efstu deild. SportTv er ekki enn komið með trygga sjónvarpsrás og á meðan svo er þá verða ekki neinar frekari ákvarðanir teknar. Hugmyndir um samstarf við OZ hafa ekki skilað neinu áþreifanlegu.

#### Önnur mál:

Ný heimasíða er í vinnslu.

Lið U 17 og 19 sem taka þátt í NEVZA keppnum eru tilbúin. Aðeins vantar upp á að búið sé að fullmanna hóp aðstoðarfólks.

*Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið klukkan 18.15*

*Fundargerð ritaði Jason Ívarsson*